

Siðareglur og heiðarleg vinnubrögð í námi

Í [siðareglum skólans](#) segir meðal annars:

- *Við virðum það nám og starf sem fram innan skólans*
- *Í skólanum vinnum við öll okkar verk af heiðarleika og heilum hug og stuðlum að því með virkum hætti að aðrir geri slíkt hið sama*
- *Við leitum þekkingar að heilindum og hlutlægni og leggjum áherslu á fagleg vinnubrögð, gagnrýna hugsun og málefnalegan rökstuðning*

Með því að vinna heiðarlega sýnum við skólastarfinu virðingu og öxlum ábyrgð á störfum okkar.

Heiðarleg vinnubrögð í námi eru:

- Að skila eigin efni og vinna öll verkefni frá grunni. Þetta á einnig við í hópverkefnum þar sem nemendur bera alltaf sameiginlega ábyrgð.
- Að leggja sig fram í allri verkefnavinnu (einstaklings-, para- eða hópverkefnum). Nemendur bera ábyrgð á að vinnuframlag þeirra sé jafn mikið og annarra í verkefnavinnu.
- Að gera grein fyrir öllum heimildum og vitna í heimildir á viðurkenndan hátt
- Að afhenda aldrei öðrum verkefni til afritunar né afrita verkefni frá öðrum, hvorki innan Kvennaskólans né utan
- Að kynna sér reglur um verklag og heimildanotkun í hverjum áfanga
- Að skila verkefnum á umbeðnu formi innan tiltekins skilafrests (fara eftir fyrirmælum)
- Að nýta sér upplýsingatækni og samfélagsmiðla á ábyrgan hátt
- Að virða góða starfshætti í prófum



Óheiðarleg vinnubrögð í námi eru:

- Að eigna sér hugverk annarra eins og þau væru eftir mann sjálfan (ritstuldur)
- Að taka ekki þátt í hóp- og/eða paraverkefnum en láta kennara halda að þú hafir gert eitthvað í verkefninu
- Að fara ekki eftir reglum í prófi t.d. nota óleyfileg gögn í prófinu, valda truflun eða veita eða þiggja hjálp frá öðrum nemanda
- Að skila sama verkefni oftár en einu sinni t.d. í tveimur eða fleiri ólíkum áföngum (endurnýting)
- Deila verkefni með öðrum. Leyfa einhverjum að afrita verkefni sitt, vinna eða ljúka verkefni fyrir annan nemanda (samsek)
- Skila inn verkefni sem er unnið af öðrum t.d. gervigreind, nemanda, foreldri, vini eða fundið í ritgerðarbönkum eða síðum sem selja gögn eða deila þeim á netinu.
- Ósæmilegt athæfi, svo sem að bæta óviðeigandi efni og/eða athugasemd við skilaverkefni eða í prófi.



Notkun gervigreindar

Hvað má og hvað má ekki?

- Nemendum ber að fylgja fyrirmælum kennara um heimil hjálpargögn, þ.á.m. um hvort heimilt sé að nota gervigreind við úrlausn verkefna og/eða prófa
- Um notkun gervigreindar gilda sömu reglur og um notkun annarra hjálpargagna
- Hægt er að nota gervigreind eins og "námsfélaga", spjalla um námsefnið, fá endurgjöf, leita að heimildum. Hafa þarf þó í huga að í hvert sinn sem leitað er að heimildum með gervigreind þá verður að sannreyna heimildirnar og fara þarf varlega í að treysta svörum gervigreindarinnar því ekki er hægt að treysta því að svörin sem gervigreindin býr til séu alltaf rétt
- Nemendur þurfa undantekningarlaust að ráðfæra sig við kennara um það hvort heimilt sé að nota gervigreind í verkefnum og/eða prófum og þá hvernig má nota gervigreindina.

Viðurlög

- Ef nemandi er staðinn að því að nota óleyfileg gögn eða tækni (þ.m.t. gervigreind), veita eða þiggja hjálp frá öðrum verður úrlausn hans ekki metin og telst hann fallinn í viðkomandi verkefni og/eða prófi.
 - Upplýsingar um málið eru skráðar í athugasemdakerfi Innu.
 - Ítrekuð brot geta leitt til brottvísunar úr skóla.
 - Athugið að brot á þessari reglu fynast ekki á milli anna eða áfanga. Dæmi ef nemandi brýtur af sér í einum áfanga á 1. önn og í öðrum á 3. önn teljast það tvö brot.
- [Viðurlög við brotum á skólareglum](#)

Athugið:

Nemendum ber að kynna sér skólareglur. Vanþekking á reglunum leysir þá ekki undan ábyrgð